

Skóla- og frístundaráð

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að auka aðgengi nemenda að getnaðarvörnum og auka kynfræðslu í grunnskólum

Á fundi borgarstjórnar þann 8. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga Jökuls Jónssonar frá ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að tryggja aðgang grunnskólanemenda að getnaðarvörnum og fjölbreyttri kynfræðslu. Miða skal við að tryggja aðgang að getnaðarvörnum eins fljótt og hægt er og að kynfræðsla verði aukin frá og með hausti 2022.

Greinargerð:

Mikilvægi getnaðarvarna hefur sýnt sig í gegnum árin og hefur komið í veg fyrir bæði mikla útbreiðslu kynsjúkdóma og þungun unglinga. Með því að bæta aðgengi að getnaðarvörnum í grunnskólum, auka kynfræðslu og upplýsa um hvert hægt er að leita ef ungmenni lenda í vanda tengdum kynlífi er hægt að draga úr skömm unglinga hvað varðar kynlíf og ýta undir að unglingar stundi heilbriggt og öruggt kynlíf. Við teljum það á ábyrgð skóla- og frístundaráðs að tryggja öryggi nemenda sinna alla grunns kólagöngu þeirra.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísí Valdímarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælst til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.



Helga Björk Laxdal
e.u.